

**Nd.**

**57. Frumvarp**

til laga um breytingu á lögum nr. 52, 3. nóv. 1915, um breytingu á lögum nr. 35, 20. okt. 1913, um ritsíma- og talsímakerfi Íslands.

Flutningsm.: Þorsteinn M. Jónsson.

Í 1. gr. laga nr. 52, 3. nóv. 1915, um breytingu á lögum nr. 35, 20. okt. 1913, um ritsíma- og talsímakerfi Íslands, falli burtu orðin: »Borgarfjarðar (austur) um Sandaskörð«, en í staðinn komi:

Unaóss og Borgarfjarðar í Norður-Múlasýslu.

**Ástæður:**

Verði símalína þessi lögð um Unaós til Borgarfjarðar, verður miklu minna af henni í óbygðum, og því hægra um viðhald á henni. Unaós er eini mögulegi lendingarstaðurinn á Hjeraðsflóa austan Jökulsár; þangað eru oft fluttar vörur frá Seyðisfirði og Borgarfirði handa Úthjeraðsbúum, en þar sem lending er afarslæm, væri símasamband við Unaós mikils virði, enda hefir iðulega komið fyrir, að ómögulegt hefir reynst að skipa þar upp vörum, ónýtisferðir verið farnar, og því mikill aukakostnaður fallið á vörurnar. Komi sími á Unaós, verður aftur á móli hægt að leita vitneskju um sjólag og veðuráttu þar, og haga ferðunum eftir því.

Einnig má geta þess, að sjóþyngsli eru miklu minni á þeirri leið, sem hjer um ræðir, en á Sandaskörðum, og því miklu síður hætt við símaslitum.

Nánari ástæður verða tilfærðar við framsöguna, ef þurfa þykir.